

# Nesfréttir

JÚLÍ 2020 • 7. TBL. • 33. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

**TRÍÓ**  
PIZZUR MÁNAÐARINS

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP



## Lagfært við Kisuklappir

Undanfarna daga hefur markvisst verið unnið að því að laga svæðið í kringum útilistaverkið Bollastein eftir listamanninn Ólöfu Nordal og fjöruna við Kisuklappir.

Ráðist var í verkefnið í framhaldi af mikilvægum ábendingum Ólafar um að umhverfið í kringum Kisuklappir væri stórkostlega breytt og að listaverkið ekki lengur eins og það ætti að sér að vera. Þangað hafði borist gríðarlegt magn af umfram grjóti og mól sem breytti til mikilla muna aðstæðum og ásjúnd þessara dásamlegu náttúruminja og listaverks. Á myndinni má sjá bæjarstarfsmenn bera saman bækur sínar um hvernig best verði staðið að lagfæringum við Bollastein.

**Haga-  
vagninn**

- Hofsvallagata 52 -

SELTJARNARNESBÆR

[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Hægt er að lesa Nesfréttir inná [visir.is](http://visir.is)

**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIDISTORGI  
**HAGKAUP**

## Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is) • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30



### Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



#### Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



#### Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



#### Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnurnum annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



#### Smáviðgerðir

Samhlöða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Draghals 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang [tjon@tjon.is](mailto:tjon@tjon.is)  
[www.tjon.is](http://www.tjon.is)

**KOMDU MEÐ BÍLINN  
Í TJÓNASKOÐUN**

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Hafrót og fjara á Nesinu

Eins og fram kemur í frétt hér í blaðinu standa yfir lagfæringar á fjörunni við Kisuklappir á Seltjarnarnesi. Hafist var handa við þær efir að Ólöf Nordal myndlistarmaður hafði samband við bæjaryfirvöld en hún er höfundur myndverksins Bollasteins sem komið var fyrir þar fyrir nokkrum árum.

Á stæða þess hvernig fór mun vera sú að verktaki sem Vegagerðin fékk til þess að styrkja sjóvarnir við Nesið sem fóru illa í veðrum á liðnum vetri fór nokkuð fram úr sér við grjótlutninga. Hann gætti ekki að nærveru listaverksins.

Þekkt er að afl ægis ber á ströndinni við norðanvert Seltjarnarnes. Verði veður válynd líkt og á liðnum vetri er hætta á landbroti. Enginn vill að hafrót taki stærri og stærri hluta af landi Nessins og færi burt. Við því eru engin önnur ráð en að styrkja og efla sjóvarnir eins og hægt er.

Við slíka vinnu verður þó að gæta þess hvað er á landinu ofan fjöru. Verkið Bollasteinn er mangert listaverk og tengd frá höfundarins hálfu við næsta umhverfi sitt.

Þessu hafa starfsmenn viðkomandi verktakafyrirtækis ekki áttað sig á. En Seltjarnarnesbær hefur nú hlaupið til og er að lagfæra vegsummerkin.

## Alls tóku 38 þátt í kvennagöngunni



Lagt af stað í kvennagöngu ÍSÍ.

Alls tóku 38 konur frá Seltjörn þátt í Kvennagöngu ÍSÍ. Gangan fór vel af stað en þetta er í fyrsta skipti sem hún er haldin á Seltjörn. Það voru 25 konur sem búa á Seltjörn og úr dagdvölinni Sæból sem tóku þátt, ásamt fjórum aðstandendum og níu starfsmönnum.



Það var glaður hópur kvenna sem lagði af stað, en gengið var annars vegar stuttur hringur og hins vegar langur hringur. Á undan hafði verið skemmtilegur undirbúningur m.a. blásnar upp blöðrur og gangurinn skreyttur. Karlarnir létu sig ekki vanta og tóku vel á móti okkur og nafnarnir Kjartan Ólafsson og Kjartan Blöndal veittu konunum viðurkenningarskjal ÍSÍ fyrir þátttökuna. Það skal tekið fram að í hópnum voru tvær konur sem trónuðu toppinn sem aldursforsetar þ.e. Fanney Ófeigsdóttir sem verður 100 ára í ágúst n.k. og Björg Ólafsdóttir sem nýlega er orðin 99 ára.

## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





EYECARE



# Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%  
stærra  
lessvæði



Velkomin  
í nýja  
verslun  
okkar á  
Hafnartorgi



**SJÓNMAELINGAR**  
Tímamantanir: 528 8505

**Optical Studio**  
HAFNARTORGI

# Ánægðir vinningshafar í 17. júní fánaleiknum

17. júní var sannarlega óvenjulegur þetta árið þar sem ekki var hægt að standa fyrir hefðbundnum hátíðarhöldum en þess í stað voru bæjarbúar hvattir til að fagna Þjóðhátíðardeginum í faðmi fjölskyldu og vina. Það var þó bryddað upp á smá skemmtilegheitum fyrir börnin og fór ísbíllinn um öll hverfi bæjarins og gaf ís í boði bæjarins.

Ennfremur var fánaleikur í gangi þar sem að börnin og foreldrar voru hvött til að fara út að telja íslenska fána í görðum, gluggum og á fánastöngum.

Fjölmarginir drifu sig út að telja og sendu sína talningu inn rafrænt.

Þrjátíu krakkar fengu verðlaun fyrir þátttökuna en um var að ræða bæði sápakúlusverð og gjafabréf á Örnú ís- og kaffibar. Svo sannarlega var það skemmtilegur og fjölbreyttur hópur kom og sótti verðlaunin en yngsti verðlaunahafinn var ekki nema sextán mánaða gamall. Talinn fjöldi fána var allt frá sjö fánum upp í heila fjögur hundruð áttatíu og sjö og ljóst að allir lögðu sig fram og uppskáru verðlaun fyrir þátttökuna. Afhending verðlaunanna vakti mikla kátínu, ekki aðeins á meðal þátttakenda heldur einnig á meðal starfsmanna bæjarskrifstofunnar.



Á meðfylgjandi myndum má sjá nokkra ánægða verðlaunahafa en allar myndir eru teknar og birtar með leyfi forráðamanna.

Efri röð frá vinstri: Ásthildur Tryggvadóttir Bergmann, Elisabeth Ósk, Egill Páll Sveinsson og Hilmar Pálsson.

Neðri röð frá vinstri: Egill Stefánsson, Benedikt Kári og Haukur Leó Gunnarssynir, Elín Ósk og Ásta Sif Sigfúsdætur og Höskuldur Hrafn Ólafsson.

VONARSTRÆTI









**UMHVERFISVÆNAR VÖRUR**

**FYRIR HEIMILIÐ**

**FÁST Í VONARSTRÆTI**

Minnu á vefverslun okkar [vonarstraeti.is](http://vonarstraeti.is) + heimkeyrslu í Reykjavík

VONARSTRÆTI - Laugavegi 27 - S.775 8808 - Facebook: @vonarstraeti.verslun - Instagram: @vonarstraeti



Ekki er annað hægt að segja en að nýi grái liturinn komi vel út.

## Grái liturinn kemur vel út

Nýverið var lokið við að mála Suðurströnd 12, hús Heilsugæslunnar, Tónlistarskólans og Selsins félagsmiðstöðvar.

Ekki er annað hægt að segja en að nýi grái liturinn komi vel út með hvítu gluggakörmunum og bláa merkinu. Mikið er um framkvæmdir og viðhald á vegum Seltjarnarnesbæjar um þessar mundir enda er sumarið tíminn.



# HÚSAVIÐGERÐIR.IS

## ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



Finndu okkur á  
Facebook

[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



## Kjötkompaní

GRILLUM  
GRAND  
— Í ALLT —  
SUMAR

Hafnarfirði & Grand a

[www.kjotkompani.is](http://www.kjotkompani.is)



578 9700



[kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)



## Endurgerð á sjóvarnargarði og lagning hjólastígs

Reykjavíkurborg stefnir á að endurgera sjóvarnargarða við Eiðsgranda á komandi hausti. Framkvæmdarsvæðið nær frá dælustöð að hringtorgi við Ánanaust. Á sama tíma er fyrirhugað að leggja framhald af hjólastíg sem liggur eftir Eiðsgranda frá Seltjarnarnesi að Boðagrandu að Ánanaustum.

Á meðan á framkvæmdunum stendur verður gangandi- og hjólandi vegfarendum beint fram hjá framkvæmdasvæðinu um þennan nýja stíg en á svæðinu næst Ánanaustum mun það ekki nást með góðu móti sökum plássleysis. Vestan hringtorgs hefur Eiðsgrandi tvær akreinar og til stendur að nota aðra akreina undir hjáleidgangandi og hjólandi vegfaranda fram hjá framkvæmdarsvæðinu á meðan unnið verður við endurgerð sjóvarnargarðsins næst Ánanaustum.

Nákvæmar dagsetningar á framkvæmdinni liggja ekki fyrir en verða tilkynntar síðar meir. Drög að svæðinu sem verður tekið undir hjáleidina má sjá hér, með fyrirvara um að eiginleg hönnun á umferð á framkvæmdatíma liggur ekki fyrir.

## KÖRFUBOLTASTANDAR



San Jose  
Verð: 66.700 kr.

Tucson  
Verð: 36.300 kr.

Ping Pong.is

pingpong.is - Síðumúla 35 (að aftanverðu) - S: 568 3920 / 897 1715

## Skyggnst inn í gamla tíma



Eldra fólkíð naut þess að fara áratugi aftur í tímann.

Íbúum á Seltjörn og Dagdeildinni Sæbóli var boðið að heimsækja Lyfjafræðisafn Íslands 30. júní og síðar í Nesstofu 8. júlí sl.

Hér fékk fólk að skyggna inn í gamla tíma og skoða meðal annars Iðunnar apótek og gamla landlæknasetrið. Það er gott að eiga góða nágbranna og erum við gestgjöfum okkar þakklát fyrir góðar móttökur. Fengum aðstoð frá hóp ungmenna úr vinnuskólanum, flottir fylgdarmenn og konur gerðu okkur kleift að njóta þessa heimsóknna enn betur. Bestu þakkar til þeirra.



Iðunnarapótek. Svona var umhorfs í apótekum fyrir einni öld og jafnvel síðar. Lyf voru geymd í glösum í hillum og síðan vikuð og jafnvel blönduð í tiltekna skammta fyrir viðskiptavinina.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét A. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





**aurum**

BY  
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | sími: 551 2770 | [www.aurum.is](http://www.aurum.is)

FRÍ HEIMSENDING HEIM AÐ DYRUM

# Mikil samkennd á Nesinu

**M**argrét Jónsdóttir fóttaðgerðafræðingur og lyfjateknir spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Margrét bjó og starfaði á Nesinu um árabíl. Hún stofnaði og starfrækti Fóttaðgerðastofu Seltjarnarness ásamt Ragnheiði dóttur sinni árið 1999. Fyrstu 6 árin var hún í sundlaugarhúsinu við Suðurströnd en þegar húsnæðinu var breytt fluttu þær stofuna á Austurströnd 8. Þær seldu Sigurbjörgu H. Guðjónsdóttur fóttaðgerðafræðingi stofuna 2018 og rekur hún hana í dag. Margrét er Skagamaður. Dóttir Ragnheiðar Þórðardóttur og Jóns Árnasonar sem var alþingismaður Vesturlands um árabíl.

“Ég er Skagamaður en að hluta alin upp í Reykjavík. Pabbi settist á þing 1959. Þá voru samgöngur ekki eins greiðar og nú. Engin Hvalfjarðargöng og leiðin fyrir Hvalfjörð þótti ekki greiðfari. Vegurinn var hlykkjóttur og seinfarinn. Akraborgin var um klukkutíma að sigla á milli Akraness og Reykjavíkur. Oft í veltingi í vestanáttinni sem er algeng á þessum slóðum. Á þessum tíma var útilokað að búa á Skaganum og vinna í Reykjavík. Því fluttum við fjölskyldan til Reykjavíkur á haustin og til baka upp á Skaga á vorin þar sem við systur vorum að vinna í fiski. Tími flutninganna miðaðist þó ekki alveg við starfstíma Alþingis heldur við skólagöngu okkar. Við urðum að vera komnar suður þegar skólinn byrjaði. Ég var að komast á táningsárin og fór beint í þriðja og fjórða bekk í Kvennaskólanum. Ég fór síðan til London þar sem ég bjó eitt ár í Chelsea. Ég gifti mig 1964 og flutti þá alfarin frá Akranesi. Maðurinn minn er Vesturbæingur, Guðjón Margeirsson. Við eigum fimm börn og þjuggum fyrstu sex árin á Ljósvallagötunni og síðar við Kaplaskjólsvæg, í blokkinni sem er rauð og var eitt sinn kennd við KR. Við vorum alltaf að fikra okkur lengra til vesturs því þaðan



Margrét Jónsdóttir og Guðjón Margeirsson ásamt börnum sínum. Þau eru Árni, Daði, Kristín Laufey, Þorsteinn og Ragnheiður. Alls eiga þau tólf barnabörn.

förum við út á Seltjarnarnes og þjuggum lengi við Lindarbrautina. Nú erum við nýlega flutt aðeins til baka. Á Grandaveginum þar sem við kunnum ágætlega við okkur.”

## Nýttum tækifærið og opnuðum fóttaðgerðarstofu

En snúum okkar að fóttaðgerðunum. Margrét segist hafa verið búin að vinna við þær í áratugi hjá þjónustustofnunum Reykjavíkurborgar í Furugerði og við Vesturgötu. “Fyrir um 20 árum tók Ragnheiður dóttir mín sig upp. Fór til Noregs þar sem hún lærði fóttaðgerðir. Þegar hún kom heim sáum við tækifæri til þess að slá okkur saman og opna stofu. Við opnuðum á Nesinu í sundlaugarhúsinu en þegar því var breytt festum við kaup á húsnæði við Austurströnd 8. Þar

hafið verði pizzastaður og við innréttuðum plássid að þörfum fóttaðgerðastofunnar. Þar störfuðum við saman um árabíl en nú þegar ég varð 75 ára þá fannst mér nóg komið. Þetta átti sér þó nokkurn aðdraganda. Dóttir mín var slæm í baki og varð að hætta að starfa í faginu fyrir nokkrum árum. Við áttum viðskiptavinum víða að. Ekki bara af Nesinu, Vesturbænum eða höfuðborgarsvæðinu. Jafnvel bar við að fólk ofan af Skaga, norðan frá Akureyri austan af fjörðum og víðar kæmi. Um það bil sem dóttir mín varð frá að hverfa kom til mín nýútskrifaður fóttaðgerðafræðingur, Sigurbjörg Hulda, sem var að leita sér að sumarvinnu. Hún fór að vinna hjá mér og er nú búin að kaupa fóttaðgerðarstofuna af okkur. Ég var mjög lánsöm og hafa Seltirningar tekið henni vel. Við

áttum mjög góða samvinnu og vann ég hjá henni síðasta eina og hálfu árið eftir að hún tók við rekstrinum”

## Fóttaðgerðir annað en fóttsnyrtingar

Margrét sagði ekki skilið við Skagann að fullu. “Þegar dvalarheimilið Höfði var byggt á Akranesi var enginn fóttaðgerðafræðingur til að starfa þar. Forsvarsmönnum þar var ljóst að bjóða þyrfti upp á fóttaðgerðir því fáum er nauðsynlegra að eiga kost á slíkri þjónustu en eldra fólki. Leitað var til mín um hvort ég gæti komið og sinnt þessu verkefni fyrir heimilið. Þannig fór að ég fór einu sinni í mánuði upp eftir og vann að fóttaðgerðum stundum nokkra daga í senn eftir því hversu mikið var að gera.” Margrét segir að fólk ruglist stundum á fóttsnyrtingu

# RECARO

## Barnabílastólar í úrvali



## BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)



og fóttaðgerðum. “Fótsnyrting er eins og nafnið bendir til aðeins snyrting til februnnar og fer jafnan fram á snyrtistofum líkt og önnur snyrtimeðferð. Fóttaðgerðir eru heilbrigðisfag þar sem fóttaðgerðafraeðingurinn sér um að sinna ýmsum fótameinum. Fóttaðgerð flokkast því undir heilbrigðisþjónustu.”

### Lyfjateknir í Vesturbæjarapóteki

Margrét er ekki við eina fjöl felld ef svo má segja. Auk þess að hafa lært fóttaðgerðarfæði og starfað við það meira og minna allan sinn starfsaldur þá lærði hún einnig lyfjatekni og starfaði í apóteki um tíma. “Ég starfaði um árabíl sem lyfjateknir í Vesturbæjarapóteki hjá Birgi Einarssyni. Hann var mikill öðlingur og góður vinnuveitandi. Þetta var mjög góður tími og ég var ánægð að starfa þar. En þetta var dálítið bindandi. Ég hafði sett fóttaðgerðirnar á ís meðan ég starfaði þar en sá tími kom að ég fór að huga að þeim að nýju. Ég hætti í apótekinu eftir nokkurra ára starf og fór að sinna fóttaðgerðunum alfarið til að geta unnið sjálfstætt. Ég hafði sinnt hvoru tveggja í hlutastarfi um tíma. Þá áttum við orðið fimm



Margrét fjórða frá vinstri ásamt félögum sínum í Soroptimistaklúbbi Seltjarnarnes.

börn og það hentaði betur að ráða vinnutíma sínum”

### Fólk getur koðnað niður

Margrét segir að fóttaðgerðir séu gefandi og þakklátt starf. Verið sé að vinna í mikilli nánd við viðskiptavininn. “Þess vegna held ég að maður verði að vera orðinn talsvert þroskaður til að fara í þetta starf. Það hefur mikið að segja að líða vel í fótunum.

Þetta á ekki síst við um eldra fólk. Hætta á að fótamein myndist vex með aldrinum. Oft ber ekki á fótameinum utan frá. Þau eru ekki sýnileg. Fætturnir eru svo vel faldir í sokkum. Eitt af því sem leitt getur af fótameinum er hætta á að fólk missi jafnvægi og detti þegar það finnur til sársauka. Ef fólk á erfitt með gang og veigrar sér við að hreyfa sig reglulega hrörnar það fyrir. Fólk getur koðnað niður.” Margrét segir að fleira fólk á öllum aldri og báðum

kynjum notfæri sér þessa þjónusta en var. “Flestum finnst sjálfsgagt að fara á fóttaðgerðarstofu. Það hefur líka margt breyst í faginu á þeim 40 árum sem ég starfaði við það. Ég sinnti formennsku í Félagi fóttaðgerðafraeðinga um tíma og var einnig fulltrúi og í stjórn hjá Alþjóðasamtökum fóttaðgerðafraeðinga. Þannig kynntist maður því sem var að gerast og fékk að vita að ýmsum nýjungum. Margt hefur breyst í faginu á þeim tíma sem ég hef starfað við fóttaðgerðir. Það er í stöðugri þróun maður lærir svo lengi sem maður stundar fagið. Mikilvægt er fyrir sykursjúka að huga vel að fótunum sínum og láta fóttaðgerðafraeðinga fylgjast reglulega með þeim. Þegar sykursýkin fer að hafa áhrif á tauga og æðakerfið er hætt við að sár myndist á fótum og þá er oft erfitt að græða þau og getur það leitt til aflimana. Allir ættu líka að huga vel að fótabúnaði sínum. Þröngir skór geta valdið miklum skaða. Stærsta breytingin fyrir fagið varð þegar við fengum viðurkenningu sem löggilt heilbrigðisstétt.”

Framhald á bls. 10.

## Óskað eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga

### Umhverfisnefnd Seltjarnarness óskar eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga fyrir sumarið 2020

Umhverfisnefnd Seltjarnarness veitir á hverju ári viðurkenningar fyrir fagra garða, snyrtilegan frágang lóða, eldri uppgerð hús, götur, opin svæði og falleg tré. Bæjarbúar sem vilja koma ábendingum á framfæri er bent á að senda tölvupóst á netfangið [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is) eða hafa samband við þjónustuver bæjarins í síma 595 9100 fyrir 1. ágúst 2020.



SELTJARNARNESBÆR  
UMHVERFISNEFND

Framhald af bls. 8-9

## Margt líkt með Skaganum og Nesinu

Hvarflaði aldrei að ykkur að flytja upp á Akranes. “Nei. Maður var orðinn nokkuð rótfastur hér syðra og eftir að við fluttum á Nesið fann ég að margt var líkt með því því og gömlu heimahögunum. Ákveðinn smábæjarbrag er að finna á Seltjarnarnesi líkt og var á Akranesi þegar ég var að alast upp og gott að vera í námunda við sjóinn. Margt breyttist þar efra eftir að verksmiðjurnar á Grundartanga tóku til starfa. Þá fluttist fólk bæði í gamla Skilamannahreppinn og á Akranes. Uppbyggingin á Skaga hófst fyrst með Sementsverksmiðjunni. Áður en hún kom til sögunnar var ekkert nema fiskurinn. Allt atvinnulífið byggðist að mestu á honum. Sementsverksmiðjan var byggð sem byggðaátak á sínum tíma. Nú er hún horfin. Tengsl fólks á Seltjarnarnesi eru talsvert nán. Fólk þekkt innbyrðis. Þar lifir einhvers konar samkennd eins og oft í fámennum samfélögum. Ég hef notið þess að vera félagi í Soroptimistaklúbbi Seltjarnarnes um árabil. Þar hef ég verið með góðum og skemmtilegum konum, sem vinna gott starf og er samkenndin þar mikil. Seltirningum hefur fjölgað hægt. Nú standa fyrir

dyrum byggingaframkvæmdir í Bygggördum. Þegar þær íbúðir verða komnar í gagnið mun fólk fjölga nokkuð. En óvíst er að meira verði byggt. Golfvöllurinn er á frábærum stað, alger perla en býður ekki upp á stækkun. Þar er mikið fuglalíf og krian sér þar griðland. Mér finnst að koma mætti öðrum golfvelli – litlum golfvelli fyrir á túnunum neðan Nesstofu. Golfvelli sem hentað gæti eldra fólk og byrjendum. Þetta eru gömul tún og bithagar. Þarna gengu kýr og hross á árum áður. Nú er þetta svæði ekkert nýtt og í órækt. Þar sést sjaldan nokkur á ferli.”

## Ekki að sameinast Reykjavík

Margrét kveðst þeirrar skoðunar að Seltjarnarnes eigi ekki að sameinast Reykjavíkurborg sem sveitarfélag. “Það er hægt og sjálfsagt að vera með samvinnu en einnig nauðsynlegt að halda sínu. En ég hef ekkert um það að segja eftir að ég flutti úr bænum. Við hefðum helst viljað búa áfram á Nesinu en það var lítið um hentugt húsnæði fyrir okkur þegar við vildum minnka við okkur. Við erum samt vel staðsett að því leyti að stærstur hluti fjölskyldunnar er í nágrenni við okkur. Við eigum fimm börn. Ein dóttir okkar býr í Þýskalandi en hún keypti gamla húsið okkar á Lindarbrautinni og er væntanleg þangað með fjölskyldu sína vonandi á næsta ári. Hin dóttir okkar býr á Hagamelnum og synirnir þrír á Nesinu. Þau eru öll mjög nálægt okkur og það er dýrmætt. Ég er von því frá æskuárum mínum á Skaganum á Akranesi að búa í nálægð við stórfjölskylduna. Það var ávallt mikil samheldni í Grundarfjölskyldunni og samgangur mikill.”

# Leikskólinn á Hönnunarmars



Börnin stödd í Bókasafni Norræna hússins.

## Börn á fimmta aldursári á deildinni Eiði í Leikskóla Seltjarnarness hafa unnið verkin á sýningunni Eldurinn í jörðinni sem sett er upp á bókasafni Norræna hússins.

Sýningin byggir á könnunaraðferð þar sem unnið er út frá áhuga barnanna. Unnið var með þema leikskólans í ár sem er jörðin. Afraksturinn er meðal annars 17 jarðir sem hanga úr loftinu. Hvert og eitt barn teiknaði upp eigin hugmynd að jörðinni og hannaði hana svo úr endurvinnanlegum efniviði, s.s. blöðum, pappmassa og veggfóðurslími. Börnin heilluðust af eldfjöllum og til sýnis verður eldfjall, kvika og hraun, sem er samvinnuverkefni barnanna.

Myndband af ferlinu er hluti af sýningunni svo hægt sé að sjá þekkingarleit barnanna sem og hvernig hugmyndir og vitneskja um viðfangsefnið þróast yfir verkefnatímamann. Sýningin fór hratt stækkandi í ferlinu og var unnin og sett upp með góðri aðstoð foreldra barnanna.



Börnin heilluðust af eldfjöllum.

## Vilt þú vera í notendaráði fatlaðs fólks á Seltjarnarnesi?

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir einum aðalfulltrúa ÖBÍ í notendaráði fatlaðs fólks á Seltjarnarnesi og tveimur til vara. Æskilegt er að fulltrúi ÖBÍ sé félagi í einu af 43 aðildarfélögum bandalagsins.

Hlutverk notendaráðs er að gera fötluðu fólk kleift að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Notendaráð er eingöngu skipað fötluðu fólk og á að koma rödd fatlaðra íbúa á framfæri, stuðla að stefnumótun og vera leiðandi í framþróun málefna fatlaðs fólks í sveitarfélaginu. Notendaráð getur tekið upp mál að eigin frumkvæði.

Þeir sem áhuga hafa vinsamlega hafið samband við Öryrkjabandalag Íslands á netfangið obi@obi.is



## Óskað er eftir góðu og áhugasömu starfsfólki í aðhlyningu

Ert þú jákvæður og þjónustulundaður einstaklingur. Ef svo er þá vantar okkur einstakling eins og þig í aðhlyningu og umönnun aldraðra íbúa á hjúkrunarheimilinu Seltjörn á Seltjarnarnesi. Um er að ræða vaktavinnu, með allt að 80% starfshlutfalli frá 15.08.2020 eða síðar. Vinsamlegast setjið **Nes**-fyrir framan starfið sem sótt er um.

Gerð er krafa um að viðkomandi tali og skilji íslensku.

Sótt er um á heimasíðu: [sunnuhlid.is](http://sunnuhlid.is)

Vinsamlegast setjið **Nes**-fyrir framan starfið sem sótt er um.

# FARANGURSBOX Í MIKLU ÚRVALI



## HAPRO OG NORDRIVE

### HAPRO ROADY 350



Burðargeta allt að 50 kg

300 lítra 48.990 kr

### HAPRO ROADY 450



Burðargeta allt að 50 kg

420 lítra 59.990 kr

### HAPRO TRAXER 4.6



Burðargeta allt að 75 kg

370 lítra Svart 84.995 kr

### HAPRO TRAXER 6.6



Burðargeta Silfurgrátt 94.990 kr  
allt að 75 kg Steingrátt 94.990 kr  
410 lítra Svart 119.990 kr

### HAPRO TRAXER 8.6



Burðargeta Silfurgrátt 124.990 kr  
allt að 75 kg Svart 139.990 kr  
530 lítra

### NORDRIVE 330



Burðargeta allt að 75 kg

330 lítra Svart 58.989 kr

### NORDRIVE 430



Burðargeta  
allt að 75 kg  
430 lítra

Silfur 53.499 kr  
Svart 74.990 kr

### NORDRIVE 530



Burðargeta  
allt að 75 kg  
530 lítra

Hvít 79.889 kr  
Silfur 79.889 kr  
Svart 92.169 kr



# Bíla naust

## Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN  
DVERGSHÖFÐA 2  
110 REYKJAVÍK  
S. 535 9000

Vatnagarðar 12  
104 Reykjavík  
S. 535 9000

Dalshrauni 17  
220 Hafnarfirði  
S. 555 4800

Hafnargata 52  
260 Reykjanesbæ  
S. 421 7510

Hrísmýri 7  
800 Selfossi  
S. 482 4200

Furuvöllum 15  
600 Akureyri  
S. 535 9085

Sólvangi 5  
700 Egilsstöðum  
S. 471 1244

www.bilanaust.is

# ALLT SEM SKIPTIR MÁLI!



**Tryggðu grunninn! Fjólívítamín, meltingargerlar, lífsnauðsynlegar fitusýrur. Viridian eru eins hrein og virk og hægt er að hafa vítamín.**



**Allt fyrir heimajóga og að heiman jóga! Korkjógadýnur, kubbar, strappar, hjól, hugleiðslupúðar ofl.**



**Glóandi Guatemala cacao! Ný og nærandi vara í Systrasamlaginu.**



**Ný og spennandi möntrubönd Gleddu þig og þína.**



**Túrmerik latté. Stjarna Systrasamlagsins. Nú má líka fá til að gera heima.**



**Ayurveda dekur fyrir allar týpur! Fátt jafnast við Ayurveda fræðin þegar kemur að dekki og vellíðan. Wild Grace hefur fangað galdurinn fyrir allar líkams-, hugargerðir.**



Afgreiðslutími:  
Mán: 11-16  
Þri-fös: 11-18  
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Ný dagskrá tók við núna í júní og verður sú dagskrá í gangi núna í sumar. Fastir liðir eru á sínum stað en í júní buðum við uppá tækninámskeið. Það var vel mætt og fólk kom og lærði helling á bæði snjallsíma og spjaldtölvur. Tækninámskeiðið er búið núna en við bjóðumst til að hjálpa öllum sem hafa einhverjar spurningar eða tækni örðugleika.

Við höfum líka verið að prófa nýja dagskrá sem hefur gengið vel eins og ljóðastund sem og spurningar gleði sem hafa verið alla föstudaga og fólk verið mjög ánægt með.

Eftir erfiða síðustu mánuði vegna Covid-19 er léttir að geta hist og eytt stundum saman í alls konar afþreyingu og skemmtun. Vil minna á það að við auglýsum alltaf dagskránnu á hverjum degi í Morgunblaðinu sem og á facebook síðunni „Eldri borgarar á Seltjarnarnesi.“ Við stefnum á að hafa grill og skemmtun áður en sumarinnu lýkur og munum við auglýsa það með fyrirvara. Einnig ætlum við að reyna að fara í ferð og skella okkur jafnvel í leikhús. Það verður auglýst síðar. Við viljum þakka kærlega fyrir hvernig þið hafið tekið á móti okkur sumarstarfsmennina og gefið okkur tækifæri að sýna hvað í okkur býr. Við höfum lært ótrúlega mikið af þessum fyrstu vikum sumarsins og erum núna flest orðnir snillingar í félagsvist. Ég tala fyrir hönd okkar allra þegar ég segi að við höfum átt yndislegt sumar með ykkur og það eru forréttindi að vera í félagsskap ykkar. Hlökkum til að klára sumarið með stæl og gera margt fleira skemmtilegt. Ef þið hafið einhverjar spurningar eða hugmyndir getið þið alltaf heyrt í okkur. Eigið gott sumar og hlökkum til að sjá ykkur meir.

*Kveðja frá sumarstarfsmönnum.*

*Tómas Gauti, Anna Soffía, Daði Már, Ingunn og Ingibjörg.*

*Sími Tómasar: 8220393*

*Netfang: tommigje@gmail.com*

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16  
alla virka daga

**Verið velkomin**

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, [www.bergsteinar.is](http://www.bergsteinar.is)



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

# Kaffikarlar í Seltjarnarneskirkju fóru í Skagafjörð

**S**nemma dags, 25. júní sl. kl. 07.15, lögðu 17 kaffikarlar af stað í Skagarfjarðarferð frá Seltjarnarneskirkju. Var þetta árleg dagsferð kaffiklúbbsins, karla 67 ára og eldri, sem hittist tvisvar sinnum í viku í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju.

Hópurinn fór norður á tveimur rútukálfum. Ekið var á Sauðárkrók um Þverárfjall. Sigurjón Rafnsson, aðstoðarkaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga, tók á móti hópnum í höfuðstöðvum Kaupfélagsins að Ártorgi 1 á Sauðárkróki. Sigurjón flutti fræðandi og skemmtilegt erindi í máli og myndum um starfsemi Kaupfélagsins. Kom það mönnum á óvart hversu fjölbreytileg starfsemi Kaupfélagsins er á svo mörgum sviðum. Kaupfélagið er framúrskarandi fyrirtæki sem hefur í kringum eitt þúsund manns í vinnu, bæði á Sauðárkróki og víðar á landinu.

## Skagfirskir gæðaostar

Eftir hið frábæra erindi Sigurjóns leiddi hann hópinn yfir í glæsilegt hús Mjólkursamlags KS við Skagfirðingabraut. Þar fór hver og einn í sérstakan hlífðarslopp, setti hárnét á höfuðið og skóhlífar yfir skó sína. Í Mjólkursamlaginu er hreinlætið sett á oddinn. Magnús Freyr Jónsson, framkvæmdastjóri og Jón Þór Jósefsson, framleiðslustjóri, sögðu frá starfsemi Mjólkursamlagsins og þeirri miklu ostagerð sem fer þar fram. Þeir félagarnir leiddu hópinn um framleiðslusali og gáfu honum að smakka á nýjum ostategundum sem komu á markaðinn nýlega sem heita Goðdalir: Grettir, Reykir og Feykir. Hópurinn sá einn starfsmanninn bera sérstaka ostamálningu á ostana. En það þarf að bera á ostana átta umferðir af sérstakri ostamálningu sem gerir það að verkum að vatnsinnihald minnkar og bragðið verður sterkara. Einnig fékk hópurinn að smakka Mozzarella ost. Allir eru þessir ostar sannkallaðir skagfirskir gæðaostar.

## Tíu þúsund tonn af sandi verða að steinull

Eftir heimsóknina í Mjólkursamlagið fór hópurinn í Steinullarverksmiðjuna sem er að Skarðseyri 5. Stefán Logi Haraldsson, framkvæmdastjóri, tók á móti hópnum. Hann greindi frá starfsemi Steinullarverksmiðjunnar og sögu hennar. Erindi hans var áhugavert og fræðandi. Þennan dag var verksmiðjan ekki í gangi. Stefán Logi sagði að uppistaða hráefnanna við framleiðsluna væri innlend og nánast innan seilingar. Það væri fjörusandurinn sem tekinn væri við vesturós Héraðsvatna. Þar tæki verksmiðjan um 10 þúsund tonn af sandi árlega, og hefði gert frá upphafi. Sjórinn annaðist um sjálfvirka áfyllingu náunnar svo að þess sjáist engin ummerki frá degi til dags.

## Sauðárkrókskirkja vinakirkja Seltjarnarneskirkju

Eftir heimsóknina í Steinullarverksmiðjuna hélt hópurinn í súpu og brauð á Kaffi Króki. Þangað kom sr. Sigríður Gunnarsdóttir, sóknarprestur



Í Mjólkursamlaginu fór hver og einn í sérstakan hlífðarslopp, setti hárnét á höfuðið og skóhlífar yfir skó sína. Þar er hreinlætið sett á oddinn.

Frá vinstri séð: Ólafur Egilsson, Sverrir J. Hannesson, Gunnar H. Pálsson, Guðmundur Einarsson, Viðar Hjartarson, Þráinn E. Viggósson, Gunnar Þór Alfreðsson, Ægir G. Ólason, Þorbjörn E. Jónsson, Birgir Vigfússon, sr. Bjarni Þór Bjarnason, Jón Rafn Sigurjónsson, Guðmar Marelsson, Halldór Pedersen, Grétar G. Guðmundsson, Ágúst Ragnarsson, Valgeir Gestsson og Jón Þór Jósefsson, framleiðslustjóri Mjólkursamlagsins.

á Sauðárkróki, og heilsaði upp á hópinn. Sr. Sigríður gekk með hópnum til Sauðárkrókskirkju. Þar spjallaði hún við viðstadda og sagði frá starfi kirkjunnar á sinn ljúfa og elskulega hátt. Þess má geta, að Sauðárkrókskirkja er vinakirkja Seltjarnarneskirkju. Hefur svo verið frá árinu 2013.

## Afmælissöngur og veisla á Löngumýri

Eftir heimsóknina í Sauðárkrókskirkju var ekið fram á Löngumýri. Gunnar Rögnvaldsson, forstöðumaður á Löngumýri, tók á móti hópnum. Gengu menn til stofu og sungu fyrir Guðmund Einarsson, afmælissönginn, og lyftu glösum í tilefni dagsins. Guðmundur er maður á besta aldri og jafnframt formaður sóknarnefndar Seltjarnarneskirkju. Gunnar

lék á alls oddi eins og honum er einum lagið. Hann söng lag og texta sem hann gerði ásamt Sigvalda Helga syni sínum. Gunnar hefur unnið stórkostlegt starf á Löngumýri og er afar kraftmikill og fjölhæfur maður. Hópurinn snæddi lambalæri á Löngumýri ásamt öllu tilheyrandi sem Lísá á Varmalæk hafði matbúið ásamt samstarfskonum sínum þeim Dagnýju Erlu Gunnarsdóttur og Sigurlaugu Guðmundsdóttur. Maturinn smakkaðist einstaklega vel og þær stóllur höfðu einnig útbúið gómsætan eftirrétt sem menn skoluðu niður með rjúkandi heitu kaffi eða tei.

Ferðin góða í Skagafjörð stóð yfir í tæplega sextán tíma, veðrið var alveg ljómandi, sól og blíða norðan heiða. Hópurinn kom glaður og ánægður á Nesið eftir frábæran dag í Skagafirði.

## Laus staða hjúkrunarfræðings

Laus er staða hjúkrunarfræðings á nýlegu 40 rýma hjúkrunarheimili að Safnatröð 1, Seltjarnarnesi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. ágúst. Um er að ræða hlutavinnu, morgun, kvöld og helgavinnu.

Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar sími 864-4184.

Íslenskt hjúkrunarleyfi.

Sótt er um á heimasíðu: [sunnuhlid.is](http://sunnuhlid.is)

Vinsamlegast setjið **Nes**-fyrir framan starfið sem sótt er um.





## Sjötti flokkur karla á Orkumótinu í Eyjum



Strákar í sjötta flokki karla.

Eldra ár sjötta flokks karla hélt til Vestmannaeyja í síðustu viku til að spila á Orkumótinu. Gróttu fór með þrjú lið á mótið sem samanstóðu af 24 drengjum.

Mótið gekk mjög vel fyrir sig og var hópurinn vel samstilltur og var ótrúlega góður andi í öllum sem voru í Gróttu. Öll liðin stóðu sig frábærlega á vellinum, spilið hjá drengjunum til fyrirmyndar og voru allir staðráðnir í að standa sig eins vel og þeir gátu fyrir liðsfélagana sína og sitt lið. Utan vallar voru þeir til fyrirmyndar og voru flottir fulltrúar Gróttu.

## Sjöundi flokkur kvenna á Kristalsmóti Gróttu



Kristalsmót Gróttu fór fram þann 21. júní á Vivaldivellinum en á mótið var fyrir 7. flokk kvenna.

Um 200 stelpur mættu á mótið frá Gróttu, Val, Stjörnunni, Fylki, Álftanesi, HK og FH. Sólin skein á Vivaldivellinum og mótið gekk gríðarlega vel! Allir fóru heim með medalju, Kristal og bros á vör.

## Sjötti flokkur kvenna á Steinullarmóti



Stelpur í sjötta flokki kvenna.

Fimmtán stelpur úr sjötta flokki kvenna fóru á Steinullarmót Tindastóls síðustu helgi. Stelpurnar stóðu sig vel innan sem utan vallar og gekk mótið mjög vel fyrir sig.

Alltaf er mikil upplifun að fara á gistimót og spenningurinn var því búinn að vera mikill. Gróttu tefldi fram þremur liðum á mótinu en spilað var á laugardegi og sunnudegi, ásamt því að brasa ýmislegt þess á milli.

## Sjöundi flokkur karla á Norðurálsmótinu

Helgina 19. til 21. júní hélt sjöundi flokkur karla á Akranes til að spila á hinu fræga Norðurálsmóti. Gróttu fór með 39 drengi í sjö liðum á mótið svo það var nóg um að vera hjá strákunum og þjálfurum.

Spilað var á Akranesi þrjú daga í röð, föstudag til sunnudags, og gist á Skaganum. Margir voru að fara á sitt fyrsta stórmót og því mikil spenna í hópnum. Mótið gekk mjög vel hjá drengjunum og allir fóru glaðir heim, þótt margir hefðu helst vilja vera aðeins lengur.



Strákar í sjöunda flokki karla.

**GETRAUNANÚMER GRÓTTU**

# 170

# Fimmti flokkur kvenna á TM-móttinu í Eyjum



Fimmti flokkur kvenna.

Á dögnum héldu þæjurnar í 5. flokki Gróttu á TM-mótið í Vestmannaeyjum, betur þekkt sem Þæjumótið. Annað árið í röð fóru 34 stelpur frá Gróttu sem skipuðu fjögur lið, hvorki meira né minna.

Gróttal gerði sér lítið fyrir og endaði í 4. sæti mótsins sem er besti árangur Gróttu frá upphafi. Ennfremur jöfnun á besta árangri 5. flokks Gróttu á stórmóti í en A-lið 5.fl.kk hjá Gróttu endaði í 4. sæti á N1-móttinu árið 2009. Arnfríður Auður Arnarsdóttir var fulltrúi Gróttu í landsleiknum og skoraði tvö mörk fyrir framan troðfulla stúku. Í mótslok var Aufi, eins og hún er oftast kölluð, valin í úrvalslið mótsins.

Gróttal2 byrjaði brösuglega en komst svo á þvílíka siglingu og sigraði alla sína leiki á öðrum degi. Stelpurnar héldu áfram að spila vel á lokadeginum og voru ekki langt frá því að komast í úrslit í sinni deild. Enduðu sem fimmta hæsta B-lið mótsins.

Gróttal3 byrjaði hægt en óx jafnt og þétt eftir því sem leið á mótið. Sama má í raun segja um stelpurnar í Gróttu4 en þar voru allar á sínu fyrsta Þæjumóti og þurftu því sinn tíma til að venjast aðstæður.

Auk fótboldans fór Gróttuliðið í skemmtilegra siglingu og tók þátt í hæfileikakeppni. Stelpurnar voru Gróttu til mikils sóma á móti og mikið gleðiefni að svo stórir og glæsilegir hópar stelpna séu nú á fleygiferð í fótbolta hjá Gróttu.

## GOLFNÁMSKEIÐ Á NESVELLINUM

Í ágúst fara af stað tvenns konar golfnámskeið á Nesvellinum, byrjendanámskeið og almennt golfnámskeið.

**Byrjendanámskeiðið** er tilvalið fyrir þá sem eru að byrja í golfi eða þá sem hafa ekki komist almennilega af stað. Farið verður yfir öll helstu grunnatriði golfsins.

**Almenna námskeiðið** er fyrir hinn almenna golfara. Farið verður í mismunandi viðfangsefni í hverjum tíma, t.d. brautarhögg, teighögg og stutta spilið.

Námskeiðin eru 1x í viku í 6 vikur og hefjast 13. og 16. ágúst. Hægt er að velja um fimmtudags- eða sunnudagsnámskeið. Verð: 28.500 kr. Innifalið er golfkennslan, æfingaboltar og golfkennslubókin GæðaGolf.

Golfkennari námskeiðanna er Steinn B. Gunnarsson.

Skráning og frekari upplýsingar á netfanginu: steinngunnars@gmail.com



## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Magnús Máni Kjærsted 17 ára kylfingur í Nesklúbbnum. Magnús hefur æft og þjálfað golf hjá Nesklúbbnum í nokkur ár með góðum árangri. Hann lék mjög vel með sveit NK í sveitakeppni unglinga fyrir í sumar. Auk þess var hann liðstjóri í sveit NK í Íslandsmóti golfklúbba 12 ára og yngri.

**Fullt nafn?** Magnús Máni Kjærsted.

**Fæðingard. og ár?** 1. febrúar 2003.

**Starf?** Ég starfa sem golfþjálfari hjá NK og einnig á skirfstofunni (aðstoðar framkvæmdarstjóri).

**Farartæki?** Það mun vera Skoda Octavia.

**Helstu kostir?** Stundvís og heidarlegur.

**Eftirlætis matur?** Naut og benni (klikkar aldrei).

**Eftirlætis tónlist?** Íslensk dægurlög.

**Eftirlætis íþróttamaður?**

Rory McIlroy.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**

Golfstöðin og þættir með Audda, Pétri og Sveppa.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**

GæðaGolf eftir Nökkva Gunnarsson.

**Uppáhalds leikari?** Halldór Gylfason.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?**

Síðasta Veidiferðin.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?**

Æfi mig, hitti fjölskylduna og þríf bíla.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Klárlega Anfield! (svo er

Brautarholtið ansi fallegt).

**Hvað metur þú mest í fari annarra?**

Heidarleika og kurteisi.



**Hvern vildir þú helst hitta?**

Rory McIlroy (spjalla við hann og spila golf) og taka bolla með Bill Gates (fá hann til að leggja aðeins inná mig).

**Uppáhalds vefsíða?** Vedur.is og prosjoppa.is

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Reiðufé væri vel þegið.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir**

**10 milljónir í happdrætti?** Kaupa 100 happdrættismiða, leggja 5 kúlur inn á banka og eyða rest.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Ég færi í það að malbika Lindarbrautina sem og aðrar götur, bæta við ruslatunnum og stækka golfvöllinn.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?**

Ná langt í golfi, mennta mig og eiga svoldið að aukum.

**Hvað stefnir þú að gera í**

**sumarfríinu?** Ég er búinn að vera að vinna og ætla að gera það áfram, æfa, njóta og hafa það gott!



Grænir skátar í samstarfi við Gróttu hafa komið fyrir dósgámi við inngang íþróttamiðstöðvar Gróttu. Einnig verður gánum komið fyrir við knattspyrnuvöllinn okkar. Gróttufólk er hvatt til að koma skilgaldsskyldum dósam og flöskum í þennan gám. Hluti af hagnaði rennur til barna- og unglíngastarfs félagsins.

Gerðu  
frábær  
kaup!

# SUMAR ÚTSALA

**25%  
afsláttur**  
Öll hjól  
(ekki rafmagns)



**25%  
afsláttur**  
Garðhús-  
gögn

**25-  
30%  
afsláttur**  
Öll grill



**20-  
30%  
afsláttur**  
Háprýstidælar



**25-  
30%  
afsláttur**  
Sláttuvélar



**25%  
afsláttur**  
Barna-  
bítstólar



- Rafmagns- og bensíngráðverkfæri -25-30% • Öll Damixa blöndunartæki -25% • Sturtubotnar -25% • Salerni -25%
- Valin Grohe blöndunartæki -10-30% • Öll Gjóco málning -20% • Baðkór -25% • Handlaugar -25% • Stálvaskar -25%
- Sturtuvinklar og -klefar -25% • Mottur og dreglar -25% • Baðfylgihlutir -25% • Baðinnréttingar -25% • Verkfæratöskur -20%
- Valinn Snickers vinnufatnaður -20-50% • Einhell ryksugur -20% • Járnhillur -20% • Tröppur og stigar -20-35%
- Verkfæraskápar -25% • Valin rafmagnsverkfæri -20-30% • Blá BOSCH verkfærasett -25% • Cofra öryggisskór og stígvél -20-50% • Blóm, tré og runnar -30%-25% • Ferðatöskur -40% • Fræ -40% • Öll glös -30%
- Leikföng (ekki trampólín) -25% • Endurvinnslutunnur -30% • Matar- og kaffistell -30% • Blómapottar og garðskraut -30% • Kósývörur -30%
- Silkiblóm -25% • Bílakerrur -20% • Garðhús -20% • Tongrun bílavörur -20% • Motul bílavörur -30% • SONAX bílavörur -20%
- Emibig ljós -30%

og fleiri sértílað á [byko.is](http://byko.is)

**BYKO  
GRANDI**  
KOMDU Í HEIMSÓKN!

Auðvelt að versla á [byko.is](http://byko.is)